# Merki dómara



**ÁKEYRSLA VIÐ BATTANN – REGLA 520**
Slegið með krepptum hnefa inn í opin lófa gagnstæðrar handar, fyrir framan bringu.



**ENDASTUNGA – REGLA 521**
Framhandleggir hreyfðir á móti hvor öðrum, annar undir hinum, lófi efri handar er flatur opin, á neðri hönd er hnefi krepptur.



**SKIPTING LEIKMANNA – REGLA 412**
Aðaldómari gefur gestaliði 5 sekúndur til þess að skipta leikmönnum, eftir 5 sekúndur lyftir aðaldómari hönd til að gefa til kynna að gestaliðið megi ekki lengur skipta út leikmönnum, og heimaliðið hafi 5 sekúndur til leikmanna skipta.



**ÁKEYRSLA – REGLA 522**
Báðir hnefar eru hafðir krepptir og snúið um hvorn annan.

**BAK ÁKEYRSLA – REGLA 523**
Áframhreyfing beggja handa með lófa opna vísandi frá líkama, í axlar hæð, endar í útréttum handleggjum.



**KLIPPING – REGLA 524**
Öðrum handlegg rennt þvert yfir fót fyrir neðan hné, með báða fætur á svelli.



**KYLFU ÁKEYRSLA – REGLA 525**
Fram hreyfing með báðar hendur jafnt og hnefa kreppta, út frá bringu u.þ.b. ½ metra.



**BIÐDÓMUR – REGLA 514**
Handleggur (ekki sá með flautunni) er réttur beint upp í loft yfir höfuð.  Leyfilegt er að benda einu sinni á þann leikmann sem refsa á og síðan rétta handlegginn upp.



**OLNBOGI – REGLA 526**
Klappað er á annan hvorn olnbogann.



**MARK SKORAÐ – REGLA 470**
Bent er á mark það er pökkurinn fór löglega yfir marklínu á.



**SENDA PÖKK MEÐ HÖNDUM – REGLA 490**
Notið opin lófa og hreyfið handlegg eins og verið sé að ýta einhverju.



**HÁ KYLFA – REGLA 530**
Haldið báðum hnefum krepptum og hvorum fyrir ofan annan, sá efri nemi við enni.



**HALDA MÓTHERJA – REGLA 531**

Grípið um úlnlið fyrir framan brjóst.



**HALDA KYLFU – REGLA 532**

Grípið um úlnlið fyrir framan brjóst, og síðan eru hendur færðar eins og haldið sé á kylfu á eðlilegan hátt





**KRÆKJA – REGLA 533**

Hreyfing eins og verið sé að draga að sér, í átt að maga.





**HINDRUN – REGLA 534**

Krossleggið handleggi með kreppta hnefa á brjósti.



**HNÉ – REGLA 536**
Klappið með flötum lófa á hné, með báða fætur á svelli.



**LEIKDÓMUR – REGLA 507**
Klappið með flötum lófa ofan á hjálm.



**ÁFELLISDÓMUR – REGLUR 504,550,551,552,553**
Setjið hendur á mjaðmir, sama merki er notað fyrir óíþróttamannslega framkomu, og tíu mínútna Áfellisdóm.



**VÍTASKOT – REGLA 508**
Handleggi krosslagðir fyrir ofan höfuð, gefið merkið þegar leikur hefur stöðvast.



**GRÓFUR LEIKUR EÐA SLAGSMÁL – REGLA 528**
Krepptur hnefi, handleggur réttur út frá síðu.



**SLÁ – REGLA 537**
Sláið með handarjaðri á úlnlið gagnstæðrar handar.



**STINGA – REGLA 538**
Hreyfing eins og verið sé að stinga fram á við, á eftir eru hendur lagðar að síðum.



**LEIKHLÉ – REGLA 422**
Notið báðar hendur og formið T fyrir framan bringu.



**<u>OF MARGIR LEIKMENN Á SVELLI – REGLA 573</u>**
Gefið til kynna með sex fingrum, önnur hendi opin.



**<u>FELLA – REGLA 539</u>**
Öðrum handlegg rennt þvert yfir fót fyrir neðan hné, með báða fætur á svelli.



**<u>ENGIN DÓMUR – WASH OUT SIGNAL</u>**
Hreyfing framanfrá og út til hliðar í axlarhæð með lófa niður.
*Notað af aðaldómara til að gefa til kynna ekki mark, ekki handarsending, ekki há kylfa.*
*Notað af línumanni fyrir: ekki frysting, og í ákveðnum tilfellum ekki rangstaða.*

